

## Gúttó

Kirkjustræti 2

Góðtemplarahúsið (Gúttó) var reist árið 1887 á horni Vonarstrætis og Templarasunds. Þar var mikið leikið næstu ár, enda var þar sémileg sviðsaðstaða. Árið 1892 setti Indriði Einarsson, sem var einn af forystumönnum Góðtemplarareglunnar, þar upp *Víkingana á Hálogalandi* eftir Henrik Ibsen, mikið víkingaaldarleikrit í rómantískum anda. Annars voru það aðallega stuttir gamanleikir, gjarnan með söngvum, sem vinsælastir urðu á þessu sviði.

Þann 30. janúar 1893 kom ung stúlka að nafni Stefanía Guðmundsdóttir í fyrsta skipti fram á sviðinu í Gúttó. Stefanía, sem var þá aðeins sautján ára gömul, vakti þegar í stað óskipta athygli og næstu þrjátíu ár var hún dádasta leikkona þjóðarinnar. Með list sinni skapaði Stefanía íslenskrí leiklist nýja viðmiðun.



Stefanía Guðmundsdóttir sem Magda í *Heimilinu*.



Stefanía Guðmundsdóttir á yngri árum.

